

## **16. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 27. mars 2000 kl. 14:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ragna Halldórsdóttir, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal. Sif Svavarsdóttir mætti á fundinn.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### **Ársreikningur 1999**

J.P. lagði fram ársreikning 1999 yfirfarinn og undirritaðan af skoðunarmönnum. Ákveðið að leggja kr. 300.000 á sjóð til langtíma uppbyggingar skv. samþykkttri fjárhagsáætlun 1999-2001. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og samþykkt að leggja fyrir aðalfund.

### **Fundir starfshópa**

Fundir voru haldnir í brennsluhópi 22. mars. Einnig í spilliefnahópi og hópi um minnkun úrgangs sama dag. Fundirnir voru góðir og ganglegir og vel mætt á þá alla. Fundargerðir verða settar inná heimasíðu FENÚR

### **Heimasíða.**

Sif, sagðist hafa verið í sambandi við Skýr vegna heimasíðunnar og fengið þær upplýsingar að allt virtist vera í lagi. Sennileg skýring á að menn hafi ekki komist inn á öll sviðin sú, að um vankunnáttu eða mismunandi uppsetningu tölva viðkomandi sé að ræða. Aðgangsorð að síðunni verði kynnt á aðalfundinum

### **Dagskrá aðalfundar FENÚR 31. mars nk.**

GB hefur rætt um fundarstjórn við Guðmund G. Þórarinsson og er hann tilbúinn að stýra bæði aðalfundi og ráðstefnu.

M.St. flytur skýrslu stjórnar.

J.P. kynnir ársreikning 1999 og fjárhagsáætlun næsta árs.

Rætt um uppstillingu til stjórnar og ráðgjafastjórnar. Engar tillögur hafa borist frá þeim sem tilnefna eiga fulltrúa í ráðgjafastjórnina

Ragna og J.P. undirbúa tillögu um varamann í stjórn og skoðunarmenn.

### **Önnur mál.**

Ragna kynnir útlit kynningarmöppu FENÚR.

GB. tekur að sér að semja fréttatilkynningu til fjölmiðla vegna aðalfundarins.

Fundi slitið 16:10. Dagsetning næsta fundar ekki ákveðin.

Á.R.